

2. fundur í umhverfisnefnd skólaárið 2018-2019

26. október 2018, kl. 8:55 í miðrymi á 2. hæð.

Mættir: Guðrún Ása, Guðrún Anna, Jóna Björg, Hallbjörn, Hilmir Dreki, Guðbjörg Emma, Salka, Lea, Tristan, Kolbrún, Matthías, Vala, Margrét, Daníel.

Hvernig gengur í bekknum? Farið yfir matslista

Allir búnir að gera umhverfismatið fyrir september og algengast að nemendur ætli að vera duglegir að slökkva ljósin þegar þeir yfirgefa rými og sumir ætla að vera duglegir að týna upp rusl úti.

Hvernig gekk vigtunin?

Flestir búnir að vigta og gengur vel, sérstakleg tekið fram að lítil sem enginn matarsóun í leikskólanum

Grænfána veggur – hvað á að vera á honum? Umhverfissáttmáli, verkefni sem tengjast grænfánaverkefninu.

Muna að hafa eitthvað myndrænt líka fyrir þá sem ekki kunna að lesa.

Nýtt þema - kynna

Viðfangsefni vetrarins:

- Nú þarf að fara að velja nýtt þema og þemun voru kynnt og nemendur ætla að fara inn í bekkina sína, kynna þemun og velja einhver 2 þemu sem þau óska eftir að verði sinnt í vetur.
- Þemun eru:
 - Vatn – hvaðan kemur það, eigum við nóg af því?
 - Orka – hvað kemur hún, hvernig orku notum við á Íslandi?
 - Neysla og úrgangur – hverjar eru raunverulegar þarfir okkar?
 - Áttahagar og landslag – Hvað er að finna í nærumhverfi skólans? Samfélagið og landslagið í kringum okkur
 - Loftslagsbreytingar og samgöngur – Hvað eru loftslagsbreytingar og hvaða áhrif hafa þær?
 - Lífbreytileiki – Hvaða lífverur eru í nærumhverfi skólans? En á Íslandi?
 - Hnattrænt jafnrétti – hvernig tengjumst við öðrum heimshlutum? Hvernig hafa nemendur það annars staðar?
 - Náttúruvernd- af hverju þarf að vernda náttúruna?

- **Nemendur kynna þemun fyrir bekkjarfélögum sínum með aðstoð kennara**
 - Kynna möguleikana fyrir bekkjunum sínum og bekkurinn velur saman